

Grímsnes- og Grafningshreppur
Borg
805 Selfossi

Garðabær, 23. júní 2025
202505-0156/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Vesturhlíð L192153; Frístundabyggð F16 Grímsnes- og Grafningshreppur.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps sem barst 28. maí 2025, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Vesturhlíð, landnúmer L192153.

Í greinargerð skipulagstillögunnar kemur fram að svæðið sem til stendur að deiliskipuleggja sé um 97 ha að stærð í heild sinni og í eigu Vesturhlíðarbyggðar ehf. Um er að ræða fyrsta áfanga uppbyggingar sem nær yfir tæplega 25 ha og felur í sér 27 frístundalóðir. Í greinargerð segir að svæðið sé aflíðandi mólendi með mosavaxinni jörð, kjarrgróðri og fallegu útsýni, með Bíldsfell til austurs og Úlfjótsvatn og Sogið norðan og austan við landið. Aðkoma verði frá þjóðvegi að norðan, með einföldu vegakerfi og lágstemmdum göngustígum. Gert er ráð fyrir að hver lóð tengist rafmagni, ljósleiðara og köldu vatni, en fráveita verði leyst með rotpróm og siturlögnum á hverri lóð. Þá kemur fram að við hönnun lóða skuli hlífa verðmætum vistgerðum eins og kostur er.

Áherslur og samantekt

Náttúruverndarstofnun telur nauðsynlegt að eftirfarandi atriði verði tekin til sérstakrar skoðunar og úrvinnslu af hálfu sveitarfélagsins við frekari vinnslu skipulagsáætlana og leyfisveitinga:

Vegna deiliskipulags:

- Meti hvort og að hvaða marki vistgerðir innan skipulagssvæðisins falli undir verndarákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga, með sérstakri skoðun á votlendisvistgerðum sem samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar finnast á suðurhluta svæðisins¹.
- Leggi mat á áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar á fuglalíf, sérstaklega mófugla og ábyrgðartegundir.
- Greini verndargildi þeirra vistgerða sem koma fram í kortasjá Náttúrufræðistofnunar og meti ástand þeirra á vettvangi áður en framkvæmdir hefjast.

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

- Hanni skipulagssvæðið og afmarki vegi og byggingarreiti með náttúruvernd að leiðarljósi.
- Meti þörf fyrir mótvægisáðgerðir til verndar búsvæðum fugla og viðkvæmum vistkerfum og geri grein fyrir slíkum áðgerðum í skipulagsskilmálum.

Vegna aðalskipulags:

- Setji sér skýra stefnu í aðalskipulagsáætlun um verndun og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika, með áherslu á fuglalíf, vistgerðir og vistkerfi.
- Móti markmið um vöktun, rannsóknir, endurheimt vistkerfa, vernd tegunda og viðbrögð við ógnum á borð við rýrnun búsvæða, sbr. 22. gr. skipulagsreglugerðar og náttúruverndarlaga.²

Náttúrufar og gróður

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að skipulagssvæðið sé að mestu leyti mólendi með mosa og kjarri. Þar er jafnframt vísað í vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar, þar sem kemur fram að innan svæðisins séu grasmóa- og lyngmóavistir sem metnar eru með hátt verndargildi. Í greinargerð er tekið fram að leitast skuli við að vernda slíkar vistgerðir og endurnýta mólendisgróður í gróðurfrágangi innan lóða.

Náttúruverndarstofnunar bendir á að þó eru einnig aðrar vistgerðir innan skipulagssvæðisins sem njóta mjög hárrar verndar, en samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar falla hlutar svæðisins einnig undir starungsmýravist og runnamýravist. Starungsmýravist er meðal þeirra vistgerða sem hafa mjög hátt verndargildi vegna fjölbreyttrar gróðurþekju og mikilvægi fyrir fuglalíf og aðra vistkerfapætti³.

Mikilvægt er því að fjalla um þennan þátt nánar og hvernig fyrirhuguð skipulagsáætlun mun taka tillit til viðkvæmra og verndaðra votlendisvistgerða á svæðinu. Þá vantar mat á umfangi þess lands sem þessar vistgerðir ná yfir og hvort byggingarreitir og vegstæði falli að hluta eða í heild innan þeirra.

Náttúruverndarstofnun leggur ríka áherslu á að verndargildi þessara vistgerða verði tekið sérstaklega til skoðunar áður en deiliskipulag verður samþykkt. Þá skuli framkvæmdaaðilar meta áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar á starungsmýra- og runnamýravist með hliðsjón af 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og gera nauðsynlegar breytingar á skipulagsskilmálum og -uppdráttum þar sem við á.

Fuglalíf og búsvæði

Skipulagssvæðið er hluti af hinu víðfeðma svæði sem kennt er við Suðurlandsundirlendi, sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði með hliðsjón af fjölbreyttu

²

https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/5Ns6g49N6oLdBTvmPyJy8O/3998005126b857d762abda21f2076b8b/Gerd_ask_ferli_og_adf.pdf

³ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/starungsmyravist>

fuglalífi og háu hlutfalli varpfugla á alþjóðlegum og landsbundnum mælikvarða⁴. Svæðið einkennist af grónum mýrum, graslendi og mosapembum og er hluti af víðfeðmu búsvæði mófugla. Þá liggur svæðið nálægt Soginu og Úlfjótuvatni sem eru fuglarík vatnasvæði með tengsl við aðliggjandi mýrar og gróðurpekju.⁵

Náttúruverndarstofnunar bendir á að svæðið sem deiliskipulagið nær til er líklegt varpsvæði nokkurra tegunda mófugla sem nýta mólendi og graslendi til varps, fæðunáms og hvíldar. Þar á meðal eru jaðrakan, lóupræll, hrossagaukur, spói og heiðlóa. Þá má í ljósi nálægðar við vötn og læki gera ráð fyrir reglulegri nærveru andfugla og vaðfugla, svo sem lóu, stelk og álfartegunda.

Nýlegar rannsóknir og vöktunargögn benda til þess að stofnstærðir mófugla á Íslandi hafi dregist saman á síðustu áratugum⁶ og eru nokkrar mófuglategundir, svo sem spói, heiðlóa og lóupræll, að færast niður um flokka á valista Náttúrufræðistofnunar og teljast nú í nokkurri hættu. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarverkefnis Háskóla Íslands um mófugla á Suðurlandi eru landnotkun, skipulag og vaxandi uppbygging frístundabyggða meðal þeirra þátta sem hafa neikvæð áhrif á varpárangur og búsvæði fugla⁷.

Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að skýrt mat fari fram á áhrifum fyrirhugaðrar uppbyggingar á fuglalíf svæðisins, sérstaklega með tilliti til fæðuöflunar, varps og tímabundinnar dvalar fugla. Þá þarf að gæta sérstakrar varkárni gagnvart röskun á búsvæðum votlendis- og mófugla, í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Samkvæmt kortagögnum Náttúrufræðistofnunar eru hlutar skipulagssvæðisins, einkum á suðurhluta þess, skilgreindir sem votlendi. Um er að ræða vistgerðir sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Á skipulagsuppdrætti má sjá að hlutar þessa votlendis lenda innan byggingarreita og vegstæðis, sem felur í sér fyrirhugað rask.

⁴ <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁵ <http://vistgerdakort.ni.is/>

⁶ Pálsdóttir, A. E., Þórisson, B., & Gunnarsson, T. G. (2025). Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, 1-13.

⁷ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

Í greinargerð er hvorki vikið að 61. gr. náttúruverndarlaga né gerð grein fyrir því að votlendi sé innan svæðisins, þrátt fyrir að gögn Náttúrufræðistofnunar bendi til þess. Þá liggja engin gögn fyrir um hvort mat hafi farið fram á umfangi og gæðum votlendisins eða hvort skoðaðir hafi verið valkostir sem forðast eða draga úr raski.

Skv. ákvæðum lagagreinarinnar ber leyfisveitanda að:

- leggja mat á hvort og að hvaða marki svæði njóti verndar,
- kanna hvort brýnir almannahagsmunir réttlæti röskun,
- leggja mat á hvort aðrir valkostir séu fyrir hendi,
- gera grein fyrir mótvægisaðgerðum,
- og senda leyfi til stofnunarinnar áður en framkvæmdir hefjast.

Náttúruverndarstofnun bendir á að jafnframt er stjórnvöldum skylt að rökstyðja leyfisveitingu, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga og taka mið af verndar- og varúðarreglum náttúruverndarlaga. Auk þess er ekki er heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum sem fela í sér rask á verndarsvæðum nema að þessum skilyrðum sé fullnægt.

Landslag og ásynd

Í greinargerð kemur fram að leitast skuli við að skipuleggja byggðina með tilliti til útsýnis og að lögð sé áhersla á að ásynd svæðisins verði falleg. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að þessi sjónarmið verði útfærð með skýrari hætti í skilmálum, einkum með hliðsjón af 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem fram kemur að við byggingu og gerð mannvirkja skuli gætt að vernd landslags og náttúrulegs yfirbragðs.

Stofnunin leggur áherslu á að útfærsla bygginga, litaval, vegstæði og frágangur lóða falli sem best að landslagi og rýri ekki ásynd eða sjónrænt gildi svæðisins.

Náttúruverndarmarkmið sveitarfélagsins

Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020–2032 er lögð áhersla á að vernda gróður og ásynd svæða við uppbyggingu frístundabyggðar. Auk þess segir að sveitarfélagið leggi áherslu á að vernda náttúru og lítt raskað svæði og að stuðla að endurheimt votlendis þar sem því verður við komið. Þá er lögð áhersla á að byggð og mannvirki falli vel að landslagi og náttúrulegu yfirbragði. Í inngangi aðalskipulags er einnig vakin athygli á mikilvægi þess að samræma sjónarmið um nýtingu og vernd, þar á meðal vernd landslagsheilda, vistkerfa og búsvæða.

Í ljósi þessa telur Náttúruverndarstofnun rétt að hvetja sveitarfélagið til að móta heildstæða stefnu í aðalskipulagi um vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera, sem og búsvæði þeirra, vistkerfi og vistgerðir – og felur jafnframt í sér breytileika innan tegunda og í erfðamengi þeirra. Slík stefna myndi styðja við markmið laga um náttúruvernd og alþjóðlegra skuldbindinga á sviði verndunar lífríkis.

Stofnunin bendir á að hnignun búsvæða og rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, m.a. vegna framkvæmda, ágangs og loftslagsbreytinga, sé vaxandi áskorun – einnig hér á landi. Það á sérstaklega við um vistgerðir á borð við votlendi og mólendi og stofna mófugla á Suðurlandi. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga eru mikilvægur vettvangur til að bregðast við slíkum ógnum.

Meðal þátta sem vert væri að skoða við frekari stefnumótun eru:

- markmið um vöktun og skráningu náttúruverðmæta,
- aðgerðir til verndar og endurheimtar vistgerða og tegunda,
- vernd búsvæða fugla og stuðningur við fjölbreytni vistkerfa,
- endurheimt votlendis og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Slíkar áherslur eru einnig í samræmi við loftslagsstefnu sveitarfélagsins 2024–2030 og 22. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, sem kveður á um að aðalskipulag skuli fela í sér stefnu og markmið um vernd náttúruverðmæta, vistgerða og líffræðilegrar fjölbreytni.

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur